

Mánudaginn 31. janúar 1949.

Nr. 61/1948. **Pórður Runólfsson**
 gegn
h/f Ræsi og gagnsök.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Aðaláfrýjandi, Pórður Runólfsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá það tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann gagnáfrýjanda, h/f Ræsi, sem sótt hefur dómþing og krafizt ómaksbóta, kr. 150.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 4. febrúar 1949.

Nr. 31/1948. **Réttvísín** (Sveinbjörn Jónsson)
 gegn
Jóni Kristjáni Hólmi Ingimarssyni og
Birni Jónssyni (Egill Sigurgeirsson).

Setudómari hrl. Einar B. Guðmundsson
 í stað hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Meiðandi ummæli um opinberan starfsmann.

Dómur Hæstaréttar.

Friðjón Skarphéðinsson, bæjarfógeti á Akureyri, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Sakaratriðum er rétt lýst í forsendum hins áfrýjaða dóms, og varða hin saknæmu ummæli við 108. gr. laga nr. 19/1940. Refsing hinna ákærðu, hvors um sig, þykir hæfilega ákveðin 300 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 7 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um málskostnað í héraði.

Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 400.00 til hvors.

Dómsorð :

Ákærðu, Jón Kristján Hólm Ingimarsson og Björn Jónsson, greiði hvor um sig 300 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 7 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar á meðal málflytningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Egils Sigurgeirssonar, kr. 400.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstaðar 6. des. 1947.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. nóv. sl., var höfðað af réttvísinnar hálfu með stefnu, út gefinni 15. október sl., gegn Jóni Kristjáni Hólm Ingimarsyni, formanni fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna á Akureyri, og Birni Jónssyni, ritara sama félagsskapar, báðum til heimilis hér í bæ, fyrir brot á 108. gr. og XXV. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febr. 1940.

Ákærðu eru komnir yfir lögaldur sakamanna. Jón Kristján Hólm Ingimarsson er fæddur á Akureyri 6. apríl 1913, og Björn Jónsson er fæddur á Úlfstöðum í Skagafirði 3. sept. 1916.

Jón Kristján Hólm hefur aldrei fyrr sætt kærú eða refsingu fyrir neitt afbrot, en Björn hefur sætt eftirfarandi kærú og refsingum :

1937 22/10 Áminning fyrir ölvun.

1945 16/7 Sátt, 60 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1945 25/11 Sátt, 50 kr. sekt og 40 kr. skaðabætur fyrir ölvun á almannafæri og óspektir.

1946 8/1 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Málavextir eru þessir :

Með bréfi, dags. 16. júní sl., kærði Þorsteinn M. Jónsson, héraðssátta-semjari í vinnudeilum, ákærðu í máli þessu fyrir brot gegn sér, er varði við 108. gr. og XXV. kafla almennra hegningarlaga, vegna bréfs, dags. 13. sama mánaðar, sem sent hafði verið til undirbúningsnefndar 17. júní hátíðahaldanna hér í bæ og undirritað var af ákærðum. Ummæli þau, sem í nefndu bréfi voru og stefnt hefur verið út af, eru þessi: „... Fulltrúaráðið lítur á val Þorsteins M. Jónssonar sem aðalræðumans hátíðahaldanna sem full-

komna móðgun við verkalyðssamtökin vegna framkomu hans nú undanfarna daga gagnvart Verkamannafélaginu Þrótti á Siglufirði og alþýðusamtökunum á Norðurlandi.“

Telja verður, að í framangreindum ummælum felist, þótt með óbeinum orðum sé, aðdróttun um, að kærandi þessa máls, Þorsteinn M. Jónsson, hafi aðhafzt eitthvað eða að eitthvað sé í fari hans slíkt, að hann sé eigi verður trausts stórs hóps manna af samborgurum hans, og verður að telja, að það sé þess eðlis, að það falli undir ákvæði 235. gr. almennra hegningarlaga.

Að því er ætla má af efni dskj. nr. 2 í rannsókninni svo og framburðum hinna ákærðu, eru hin umstefndu ummæli þannig til komin, að þau eru hluti af samþykkt, sem fulltrúaráð verkalyðsfélaganna hér gerði 12. júní sl. í sambandi við undirbúning hátiðahaldanna 17. júní sl. Það hefur og komið fram í máli þessu, enda öllum kunnugt, að um þetta leyti voru viðtækar vinnudeilur hér norðanlands, og voru háðar miklar blaðadeilur út af þeim og m. a. út af starfi héraðssáttasemjara, Þorsteins M. Jónssonar.

Hafa ákærðu leitazt við að leiða að því rök, að framangreind ummæli væru réttmæt vegna framkomu héraðssáttasemjarans sem slíks í nefndri vinnudeilu. Eigi verður þó á það fallizt, að þau hafi verið réttlætt nægilega.

Þar sem ráða má það af orðalagi hinna umstefndu ummæla og ákærðu hafa einnig viðurkennt það í réttarhaldi og í vörn sinni, að ummæli þessi séu sprottin af starfi kæranda sem héraðssáttasemjara, og þar sem það starf verður að teljast þess eðlis, sem í 108. gr. almennra hegningarlaga greinir, verður einnig að telja, að umstefnd ummæli varði við þá grein.

Á það skal drepið, að ákærðu hafa fært það fram sér til varnar, að með því að undirrita og senda bréfið, sem hin umstefndu ummæli eru í, hafi þeir aðeins verið að gera skyldu sína sem formaður og ritari þess félagskapar, sem samþykktina hafi gert, og að þeir beri því eigi ábyrgð á því umfram aðra meðlimi. Telja verður þó, að ákærðu beri fulla ábyrgð á efni nefnds bréfs og þar á meðal hinum umstefndu ummælum.

Þykir refsing hinna ákærðu, hvors um sig, samkv. hinum tilvitnuðu lagagreinum eftir atvikum hæfilega ákveðin 200 króna sekt í ríkissjóð, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði þær eigi greiddar innan 15 daga. Þeir greiði allan kostnað, sem leitt hefur og leiða mun af máli þessu, in solidum.

Nokkur dráttur hefur orðið á uppsögn dóms þessa, og stafar hann af óvenjulega miklu annríki við embættið.

Dómsorð:

Ákærðu, Jón Kristján Hólm Ingimarsson og Björn Jónsson, greiði hvor um sig 200 kr. sekt í ríkissjóð. Verði sektin eigi greidd innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, komi 10 daga varðhald. Þeir greiði allan sakarkostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.